

BÓKUN 16

**UM RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI FÉLAGSLEGS ÖRYGGIS VARÐANDI AÐLÖGUNARTÍMABIL
VEGNA FRJÁLSRA FÓLKSFLUTNINGA
(^{1} LIECHTENSTEIN)**

1. gr.

Við beitingu þessarar bókunar og reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtið. EB nr. L 149, 5.7. 1971, bls. 416), merkir „launþegi sem vinnur árstíðabundin störf“, að því er varðar ^{2} Liechtenstein, hvern þann launþega sem er ríkisborgari aðildarríkis EB eða annars EFTA-ríkis og hefur undir höndum árstíðabundið leyfi í skilningi innlendirar löggjafar ^{3} Liechtensteins ^{4} sem gildir í hæsta lagi í níu mánuði.

2. gr.

Á gildistíma leyfisins skal launþegi sem vinnur árstíðabundin störf eiga rétt á atvinnuleysisbótum í samræmi við gildandi löggjöf í ^{5} Liechtenstein ^{6}, [með sömu skilyrðum og ríkisborgari ^{7} Liechtenstein ^{8}](^{*}), og í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

3. gr.

Hluti af atvinnuleysisiðgjöldum launþega sem vinna árstíðabundin störf skal endurgreiddur af ^{9} Liechtenstein ^{10} til búseturíkja þessara launþega í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

- a) Heildarfjárframlag til hvers ríkis skal ákvarðað með tilliti til fjölda launþega sem vinna árstíðabundin störf og eru ríkisborgarar þess ríkis en dveljast í ^{11} Liechtenstein ^{12} í ágústlok, til jafnaðarlengdar árstíðabundinnar vertíðar, til kaupsins og þeirra iðgjalda sem tilskilin eru samkvæmt atvinnuleysistryggingum í ^{13} Liechtenstein ^{14} (hlutdeild vinnuveitanda og launþega).
- b) Fjárhæðin sem hverju ríki er endurgreidd skal samsvara fimmtíu hundraðshlutum af heildarfjárframlögunum sem reiknuð eru samkvæmt a-lið.
- c) Endurgreiðsla skal einungis fara fram þegar heildarfjöldi þeirra launþega sem vinna árstíðabundin störf og eru búsettir í hlutaðeigandi ríki er meiri, á viðmiðunartímabilinu, en ^{15} fimmtíu ^{16}.

[] ^{17}

5. gr.

Gildistími þessarar bókunar takmarkast við lengd aðlögunartímabilanna eins og þau eru skilgreind í bókun 15.

^{1} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{2} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{3} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{4} Á ekki við íslenska textann.

^{5} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{6} Á ekki við íslenska textann.

^{7} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{8} Á ekki við íslenska textann.

^{9} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{10} Á ekki við íslenska textann.

^{11} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{12} Á ekki við íslenska textann.

^{13} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{14} Á ekki við íslenska textann.

^{15} Orðin „fimm hundruð að því er varðar Sviss eða“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{16} Orðin „að því er varðar Liechtenstein“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

^{17} Ákvæði 4. gr. voru felld brott með bókuninni um breytingu.

(^{*}) Textann „með sömu skilyrðum og ríkisborgari Sviss og Liechtenstein“ vantaði í upphaflega þýðingu bókunar 16.